

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi í Skaftárhreppi.

Áningarstaður í Eldhrauni, breytt deiliskipulag.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 123/2010 samþykkti sveitarstjórn Skaftárhrepps 10. júní 2021 breytingu á deiliskipulagi áningarstaðar í Eldhrauni.

Deiliskipulagsbreytingin varðar stækkun svæðisins úr 0,4 ha í 2,6 ha norður fyrir þjóðveg 1. Gert er ráð fyrir 14 nýjum bílastæðum og 2 rútustæðum norðan við þjóðveginn og eru þau eingöngu ætluð fyrir umferð í vestur. Gert er ráð fyrir vegriði sem aðskilur akstursstefnu og undirgöng fyrir gangandi umferð undir þjóðveginn að gönguleiðum og útsýnisstöðum. Auk þess er gert ráð fyrir nýjum hraunstígum.

Deiliskipulagsbreytingin hlaut meðferð skv. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Deiliskipulagsbreytingin öðlast þegar gildi.

Kirkjubæjarklaustri, 1. nóvember 2021.

Ólafur Elvar Júlíusson, skipulags- og byggingarfulltrúi.